

*Sent í tölvupósti*

Reykjavík, 23. nóvember 2023

Atvinnuveganefnd  
v.t. Þórarinn Ingi Pétursson, formaður

**Efni: Umsögn til atvinnuveganefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi), 12. mál, 154. löggjafarþing.**

Með frumvarpinu er lagt til að við 20. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013 verði bætt við málsgrein sem kveður á um bann við því að taka blóð úr fylfullum merum í þeim tilgangi að selja það eða vinna úr því vöru til sölu. Í greinargerð með frumvarpinu segir að það brjóti gegn öllum sjónarmiðum um velferð dýra að rækta hross til blóðframleiðslu í gróðaskyni.

Bændasamtökin telja að ekki hafi verið sýnt fram á að starfsemin gangi gegn dýravelferðarlögum, markmiðum laganna eða ákvæðum reglugerða sem um hana hafa gilt, svo sem reglugerð um velferð hrossa nr. 910/2014 og reglugerð nr. 900/2022. Einnig hefur Matvælastofnun reglubundið eftirlit með starfseminni og setur henni skilyrði og hefur stofnunin talið að velferð dýranna sé tryggð.

Hver hryssa þarf að uppfylla ströng skilyrði um heilbrigði og holdafar til þess að vera gjaldgeng í blóðtöku, sem dýralæknar meta við upphaf hverrar blóðtöku og þar til blóðtöku er lokið. Meðal þess sem litið er til er holdafar, atferli, holti og áverkar. Matvælastofnun (MAST) hefur einnig eftirlit með heilbrigði hryssa við blóðtöku auk eftirlits með að öllum reglum sé fylgt við blóðtöku. Við hverja blóðtöku er viðstaddur dýravelferðar- og gæðafulltrúi sem sinnir innra eftirliti með dýravelferð. Hann hefur aðgengi að hryssunum og aðstöðunni sem er tengd blóðtöku og heimsækir úrtak bænda á hverju ári þar sem farið er yfir aðstöðu, meðferð og ástand hrossa sem þarf að standast kröfur þeirra laga og reglna sem eru í gildi hverju sinni. Rétt er að benda á að Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum stendur að rannsókn á áhrifum vikulegrar blóðsöfnunar á blóðhag hryssa. Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna hver áhrif vikulegrar 5 lítra blóðtöku í allt að 8 skipti á 12 vikna tímabili eru á blóðhag fylfullra, mjólkandi hryssa. Úrvinnsla gagna og tölfræðileg greining mun fara fram á næstu mánuðum og áætlað er að endanlegar niðurstöður liggi fyrir í lok janúar 2024.

Hagnýting hormónsins hefur afar mikinn umhverfislegan ávinning á heimsvísu. Áætlað hefur verið að ef PMSG væri ekki fyrir hendi myndi þurfa allt að 15% fleiri gripi í svína-, nautgripa- og sauðfjarrækt í Evrópu til að framleiða sama afurðamagn. Við minnkaða frjósemi myndi húsnæðis- orku- og hvers konar aðstöðukostnaður, eldsneytis- og áburðarnotkun og fóðurframleiðsla aukast, með tilheyrandi útgjöldum sem myndi skila sér í hærra vöruverði í versluninni fyrir neytanda. Því er aukin frjósemi búfjár hagur allra.

Matvælaráðuneytið gaf úr skýrslu, í maí 2022, um blóðtöku úr fylfullum hryssum sem fjallaði um starfsemina, regluverkið og eftirlit. Starfshópurinn lagði til að sett yrði sérstök reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum þar sem skýrt væri kveðið á um hvaða skilyrði starfsemin þyrfti að uppfylla og hvaða aðilar bæru ábyrgð á einstökum þáttum hennar á grundvelli 20. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Tók reglugerð á grundvelli 46. gr. laga nr 55/2013 um velferð

dýra gildi í júní 2022, þ.e. reglugerð nr. 900/2022, sem starfað var eftir blóðtökutímabilin 2022 og 2023 með góðum árangri.

Það er álit samtakanna að bann við blóðmerarhaldi í heild varði stjórnarskrárvarin réttindi bænda um atvinnufrelsi og eignarétt. Atvinnufrelsi er varið í 75. gr. Stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og samkvæmt ákvæðinu verða bönd aðeins sett á atvinnufrelsi manna með lögum enda krefjist almannahagsmunir þess. Bann við atvinnustarfsemi sem menn hafa þegar tekið upp, hafa í gildi sérstakt starfsleyfi til að stunda og eiga jafnframt fjárhagslega afkomu sína undir varðar hagsmuni sem teljast einnig til eignaréttinda sem njóta verndar 72. gr. Stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignaréttarins. Það er því mat Bændasamtakanna að með öllu sé ótækt að leggja til bann við því að stunda atvinnugrein, sem stunduð er í samræmi við lög og reglur sem um hana gilda og sem starfar undir ströngu eftirliti sem hefur það meginmarkmið að tryggja velferð dýranna.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur